



## Fundargerð

1319. fundur bæjarráðs Reykjanesbæjar, haldinn í Merkinesi, Hljómahöll  
12. maí 2021, kl. 08:00

### Viðstaddir:

Friðjón Einarsson formaður, Baldur Þ. Guðmundsson, Díana Hilmarsdóttir, Guðbrandur Einarsson, Margrét Sanders, Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

\* \* \*

### **1. Fótboltavöllur við Hringbraut - sæti í stúku (2021050145)**

Hafþór B. Birgisson íprótta- og tómstundafulltrúi mætti á fundinn. Lögð fram beiðni um umsögn vegna erindis knattspyrnudeildar Keflavíkur um kaup á nýjum sætum í stúkuna.

Bæjarráð samþykkir kr. 2.000.000 til kaupa á sætum, tekið af bókhaldslykli 21-011-9220. Bæjarráð telur rétt að sætin verði keypt í samráði við Kristín Jakobsson innkaupastjóra og Knattspyrnudeild Keflavíkur.

### **2. Njarðvíkurskóli – niðurstaða útboðs (2021040120)**

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfissviðs og Tryggvi Þór Bragason deildarstjóri eignausýslu mættu á fundinn og fóru yfir niðurstöðu útboðs vegna framkvæmda við starfsmannaaðstöðu Njarðvíkurskóla.

Bæjarráð samþykkir að ganga að lægra tilboði sem er 4,1% yfir kostnaðaráætlun. Bæjarráð felur sviðsstjóra umhverfissviðs að ganga frá samningum við Ístak.

### **3. Húsnæði Myllubakkaskóla (2021050174)**

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfissviðs og Tryggvi Þór Bragason deildarstjóri eignausýslu mættu á fundinn. Lagt fram bréf frá skólastjórnendum Myllubakkaskóla.

Bæjarráð felur sviðsstjóra umhverfissviðs og deildarstjóra eignausýslu að vinna áfram í málinu.

### **4. Samkomulag - aðgengismál fatlaðs fólks (2021050175)**

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfissviðs og Tryggvi Þór Bragason deildarstjóri eignausýslu mættu á fundinn.



Lögð fram til kynningar samstarfsyfirlýsing samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Öryrkjabandalags Íslands um aðgengismál fatlaðs fólks.

Margrét Þórarinsdóttir (M) lagði fram eftirfarandi bókun:

*„Óska eftir því að umhverfissvið geri úttekt á aðgengi fatlaðra á þessu kjörtímabili og jafnframt hve miklu fé hefur verið varið í málaflokkinn.“*

Margrét Þórarinsdóttir, Miðflokkur.

Bæjarráð felur sviðsstjóra umhverfissviðs og deildarstjóra eignaumsýslu að taka saman gögn og leggja fyrir bæjarráð.

#### **5. Endurskoðunarskýrsla (2021040123)**

Sturla Jónsson og Theodór S. Sigurbergsson frá Grant Thornton endurskoðun ehf. og Regína F. Guðmundsdóttir fjármálastjóri mættu á fundinn gegnum fjarfundabúnað og kynntu drög að endurskoðunarskýrslu vegna endurskoðunar ársreiknings Reykjanesbæjar fyrir árið 2020.

#### **6. Ársreikningur 2020 (2021040123)**

Drög að ársreikningi Reykjanesbæjar 2020.

#### **7. Dagvistun barna undir 2 ½ árs aldri (2021050176)**

Lagt fram minnisblað frá Ingibjörgu Hilmarsdóttur leikskólafulltrúa.

Margrét Þórarinsdóttir (M) bar fram eftirfarandi spurningar:

1. Hvað eru mörg börn á biðlista inn á leikskóla Reykjanesbæjar?
2. Hver er áætlaður biðtími barna inn á leikskóla?
3. Hver er aldur þeirra barna sem eru á biðlista?
4. Hver er aldurssamsetning barna í leikskóla Stapaskóla?
5. Hve margir dagforeldrar starfa í Reykjanesbæ?
6. Hve margir dagforeldrar hafa hætt á sl. 2 árum?
7. Hver er framtíðarstefna Reykjanesbæjar varðandi dagforeldra en á sl. 2 árum virðist hafa vera flótti úr starfsgreininni.

Margrét Þórarinsdóttir, Miðflokkur.

Bæjarráð óskar eftir að leikskólafulltrúi taki saman svör við framlögðum spurningum.

#### **8. Fjölpætt heilsuefling fyrir einstaklinga sem lifa með offitu (2021050159)**

Lögð fram beiðni um stuðning sveitarfélagsins við samstarfsverkefni Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og Janusar heilsueflingar vegna verkefnisins Fjölpætt heilsuefling fyrir einstaklinga sem lifa með sjúkdóminn offitu.

Bæjarráð fagnar því að slíkt verkefni fari í gang en telur eðlilegt að það sé á forræði ríkisins. Reykjanesbær er nú þegar með samstarfssamning við Janus heilsueflingu. Reykjanesbær er



fyrsta sveitarfélagið sem hóf samstarf við fyrirtækið á sviði heilsueflingar. Erindinu er því hafnað.

**9. Fundargerð sögunefndar Keflavíkur 28. apríl 2021 (2019050831)**

Fundargerð lögð fram.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:00.